

Skaftárhreppur
Klausturvegi
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík, 5. maí 2021
UST202103-284/F.T.
08.14.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 17. mars sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Skaftárhrepp vegna frávíka er skráð voru í eftirliti þann 29. september 2020 á urðunarstað Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 5.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Skráningar fyrir 2019 vegna t.l. 2-4 í gr. 5.1 hafa ekki borist Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreinds frávíks til 31. mars sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. t.l. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 19. maí nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600 kr.**

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur